



Reglur um vernd uppljóstrara

2. desember 2025

1. Tilgangur og gildissvið

Reglum um vernd uppljóstrara er ætlað að stuðla að því að fólk komi á framfæri upplýsingum um hugsanlegt misferli í starfsemi Landsbankans, með því að bjóða upp á skilvirk úrræði til að koma slíkum upplýsingum á framfæri og styðja og vernda þá sem gera slíkt í góðri trú. Markmið reglnanna er að fyrirbyggja misferli og draga úr tjóni sem slíkt kann að hafa í för með sér fyrir viðskiptavinum, samfélaginu, bankann, og aðra hagaðila.

Reglurnar gilda um alla sem starfa eða hafa starfað fyrir hönd bankans, hvort sem um er að ræða starfsfólk, meðlimi bankaráðs, verktaka sem og aðra sem hafa í störfum sínum fengið upplýsingar um hugsanlegt misferli í starfsemi bankans. Til einföldunar er hugtakið starfsfólk notað sem samheiti yfir framangreinda aðila.

Reglurnar voru unnar í samráði við stjórn FSLÍ á grundvelli laga nr. 40/2020, um vernd uppljóstrara, með hliðsjón af tilskipun ESB nr. 2019/1937, um vernd aðila sem tilkynna um brot á bandalagsrétti. Þessar reglur eru til fyllingar reglum Fjármála- og efnahagsráðuneytisins nr. 1230/2022, um verklag við uppljóstrun starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi, og takmarka á engan hátt rétt starfsmanns samkvæmt þeim eða lögum um vernd uppljóstrara.

2. Meginreglan

Starfsfólki Landsbankans er skylt að koma á framfæri upplýsingum um hugsanlegt misferli sem þau kunna að verða vör við í starfsemi Landsbankans.

Aðili sem uppljóstrar í samræmi við lögin nýtur sérstakrar verndar frá óréttlátri meðferð sem rekja má til uppljóstrunar. Til að njóta verndar þarf uppljóstrun að vera gerð í góðri trú og með þeim hætti sem lýst er í lögum og þessum reglum. Með góðri trú er átt við að viðkomandi hafi réttmæta ástæðu til að telja upplýsingarnar réttar þegar þær voru veittar.

3. Hvað felst í vernd uppljóstrara?

Uppljóstrun í samræmi við lög um vernd uppljóstrara veitir eftirfarandi vernd:

- Uppljóstrari nýtur trúnaðar.
- Uppljóstrun telst ekki brot á þagnar- eða trúnaðarskyldu sem viðkomandi er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti og leggur hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á viðkomandi og leiðir ekki til stjórnsýsluviðurlaga eða íþyngjandi úrræða að starfsmannarétti. Lögin leysa fólk þó ekki undan hugsanlegri refsiskyldu ef upplýsinga var aflað með refsiverðum hætti (s.s. með innbroti eða tölvuglæpum), eða ef trúnaðarupplýsingar eru birtar opinberlega umfram það sem lög heimila.
- Óheimilt er að láta uppljóstrara sæta óréttlátri meðferð, s.s. að rýra réttindi, breyta starfsskyldum á íþyngjandi hátt, segja upp samningi, slíta honum eða láta hvern þann sem miðlað hefur upplýsingum gjalda þess á annan hátt. Bankinn ber sönnunarbyrði fyrir því að ákvörðun um slíkt sé reist á öðrum forsendum en þeim að upplýsingum hafi verið miðlað. Ef slíkt er ósannað skal bankinn greiða bætur fyrir það tjón sem leitt hefur af hinni óréttlátu meðferð, bæði fjártjón og miska.
- Uppljóstrari getur vísað ágreiningi um óréttláta meðferð til dómstóla sér að kostnaðarlausu (gjaf-sókn), nema sýnt sé fram á fyrir dómi að viðkomandi hafi ekki verið í góðri trú.

4. Leiðir til að koma upplýsingum á framfæri

a. Innri uppljóstrun

Landsbankinn hvetur fólk til að koma upplýsingum um hugsanlegt misferli á framfæri við regluvörð og/ eða innri endurskoðanda bankans. Einnig er heimilt að koma upplýsingum á framfæri við annað starfsfólk sem gegnir stöðu sem stuðlað getur að því að brugðist verði við upplýsingunum, svo sem næsta stjórnanda, áhættustýringu, lögfræðipjónustu eða mannauð.

b. Ytri uppljóstrun

Ef starfsfólk treystir sér ekki til að koma upplýsingum á framfæri við regluvörð og/eða innri endurskoðanda, eða ef starfsfólk telur að viðbrögð við slíku erindi hafi verið ófullnægjandi, getur viðkomandi komið upplýsingum á framfæri við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands.

c. Opinber uppljóstrun

Starfsfólk nýtur ekki verndar ef það kemur upplýsingum um hugsanlegt misferli á framfæri opinberlega (s.s. á samfélagsmiðlum eða í fjölmiðlum), nema það hafi þegar komið upplýsingum á framfæri við regluvörð, innri endurskoðanda eða fjármálaeftirlitið, án þess að það hafi leitt til fullnægjandi viðbragða að mati viðkomandi og viðkomandi hefur réttmæta ástæðu til að ætla að háttsemin geti varðað fangelsisrefsingu.

Í algjörum undantekningartilvikum nýtur fólk verndar eftir opinbera uppljóstrun án þess að fyrst komi til innri eða ytri uppljóstrunar. Þetta gildir einungis ef um að ræða svo brýna almannahagsmunum að hagsmunir bankans og annarra verði að víkja fyrir hagsmunum af því að miðla upplýsingunum opinberlega, svo sem til að vernda:

1. öryggi eða efnahagslega mikilvæga hagsmunum ríkisins,
2. heilsu manna, eða
3. umhverfið.

Bankinn mælir með því að leita ráðgjafar frá utanaðkomandi lögmanni áður en gripið er til þessa úrræðis, til að ganga úr skugga um að njóta verndar samkvæmt lögnum.

5. Móttaka, meðhöndlun og afgreiðsla innri uppljóstrana

Regluvörður eða innri endurskoðandi (hér eftir sameiginlega nefnd „rannsakandi“) bera ábyrgð á meðhöndlun innri uppljóstrana. Aðrir sem móttaka innri uppljóstrun skulu vísa málinu til regluvarðar og/eða innri endurskoðanda til meðferðar, ella til bankastjóra.

Engar formkröfur eru gerðar í tengslum við innri uppljóstrun, en bankinn mælist þó til þess að ábending sé skrifleg og eins ítarleg og kostur er. Ábendingu má koma á framfæri:

- skriflega í gegnum ábendingasíðu á Vitanum,
- með tölvupósti á regluvörð (regluvordur@landsbankinn.is) og/eða innri endurskoðanda (innri-endurskoðun@landsbankinn.is),
- með bréfpósti stílað á regluvörð eða innri endurskoðanda Landsbankans hf., Reykjastræti 6, 101 Reykjavík, eða
- Munnlega við regluvörð og/eða innri endurskoðanda, s.s. með símtali eða á fundi.

Uppljóstrarar njóta trúnaðar og trúnaði er ekki aflétt nema með afdráttarlausu samþykki viðkomandi, ef slíkt er skylt samkvæmt lögum (s.s. ef bankanum er gert skylt að veita upplýsingar samkvæmt dómsúrskurði), eða ef rannsókn leiðir í ljós að ábending var ekki veitt í góðri trú.

Starfsfólki býðst að senda nafnlausar ábendingar með bréfpósti eða í gegnum Vitan. Í slíkum tilvikum getur rannsakandi ekki haldið viðkomandi upplýstum um framgang máls. Ef viðkomandi ákveður síðar að koma fram undir nafni, eða ef rannsókn máls leiðir í ljóst nafn uppljóstrara, mun viðkomandi njóta sömu verndar og trúnaðar líkt og viðkomandi hefði komið fram undir nafni.

Rannsakandi bregst við sérhverri ábendingu og stuðlar að því að látið verði af hinni ólögsmætu eða ámælisverðu háttsemi. Ef rannsókn leiðir í ljós að mál varðar ekki misferli starfsfólks mun rannsakandi vísa málinu í viðeigandi farveg, eftir því sem við á, svo sem til Regluvörslu ef málið varðar háttsemi viðskiptavina, eða til mannauðs ef um EKKO mál er að ræða. Rannsakandi mun einnig sjá til þess að tilkynnt sé um rekstraratvik eftir því sem við á.

Rannsakandi heldur uppljóstrara upplýstum um framgang máls, eins og unnt er. Uppljóstrari fær stað-

festingu á móttöku ábendingar innan sjö daga frá því hún var send og upplýsingar um niðurstöðu máls innan þriggja mánaða frá því ábending var veitt, eða skýringar af hverju niðurstaða liggur ekki fyrir innan þess tíma.

Rannsakandi kann að óska eftir nánari upplýsingum frá uppljóstrara við rannsókn máls. Við rannsókn máls eru grunaðir upplýstir um ásakanir í þeirra garð og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri skýringum og sjónarmiðum sínum, nema slíkt ógni rannsóknarhagsmunum.

6. Varðveisla og öryggi upplýsinga sem ábending ber með sér

Upplýsingar um hugsanlegt misferli eru varðveittar á öruggan hátt sem ver upplýsingarnar fyrir óheimilum aðgangi, misnotkun eða miðlun. Tilkynningar eru varðveittar jafn lengi og lög kveða á um eða lög-mætir hagsmunir bankans krefjast. Bankinn gætir þess að öll meðferð persónuupplýsinga samræmist lögum um persónuvernd, líkt og lýst er í persónuverndarstefnu bankans.

Ef uppljóstrun reynist ekki á rökum reist og ekki er tilefni til frekari athugunar mun Landsbankinn eyða tilkynningu án tafar eða eigi síðar en þremur mánuðum eftir að rannsókn máls lýkur nema lög kveði á um lengri varðveislutíma. Í kjölfar uppljóstrunar getur sá grunaði, eftir atvikum, krafist þess að rangar eða villandi upplýsingar um viðkomandi verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær bætt.

7. Innra eftirlit og birting

Það er á ábyrgð sérhvers stjórnanda að hvetja starfsfólk til að kynna sér þessar reglur og koma á framfæri upplýsingum sem það hefur um hugsanleg misferli í starfsemi bankans.

Regluvarsla sinnir annars stigs eftirliti með framkvæmd þessara reglna. Regluvarsla veitir starfsfólki reglulega fræðslu um reglurnar og fjallar um framkvæmd þeirra í reglulegri skýrslugjöf til bankaráðs.

Reglurnar eru birtar í Vitanum og á vefsíðu bankans, www.landsbankinn.is.